



# IÐNAÐARSVÆÐI INNAN LANGEYRAR OG ÍBÚÐARBYGGÐ NEÐAN AÐALGÖTU

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030

Tillaga til auglýsingar

6. apríl 2022





# IÐNAÐARSVÆÐI INNAN LANGEYRAR OG ÍBÚÐARBYGGÐ NEÐAN AÐALGÖTU

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030

Tillaga til auglýsingar

6. apríl 2022

Breyting á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



FERLI SKIPULAGSTILLÖGU – HVAR ERUM VIÐ STÖDD?



## Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann

\_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

\_\_\_\_\_.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Önnur skipulagsgögn

Uppdráttur. Breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030. Iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu.

Tillaga til auglýsingar. 6. apríl 2022, mkv. 1:10.000 – A3.



## Efnisyfirlit

<b>Samþykktir .....</b>	<b>ii</b>
<b>Önnur skipulagsgögn.....</b>	<b>ii</b>
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>2</b>
1.1 Markmið og tildrög aðalskipulagsbreytingar .....	2
1.2 Málsmeðferð og kynning .....	3
<b>2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar .....</b>	<b>3</b>
2.1 Skipulagssvæðið og fyrirhugaðar breytingar.....	3
2.2 Gildandi aðalskipulag og þróun byggðar.....	5
2.3 Deiliskipulag .....	8
2.4 Tengsl við aðrar áætlanir .....	8
<b>3 Breyting á aðalskipulagi .....</b>	<b>9</b>
3.1 Breyting á iðnaðarsvæði I9 og athafnasvæði AT1 .....	9
3.2 Breyting úr svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarbyggð við Ákabúð .....	13
3.3 Breyting á mörkum verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í Eyrardal.....	13
<b>4 Umhverfismat .....</b>	<b>15</b>
4.1 Matsskylda áætlunar .....	15
4.2 Viðmið og vísar .....	15
4.3 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna .....	19
4.4 Stefnukostir .....	20
4.5 Áhrif aðalskipulagsbreytinga.....	21
4.6 Niðurstaða.....	24
4.7 Eftirfylgni og vöktun .....	25
<b>Heimildir .....</b>	<b>26</b>




## 1 Inngangur

### 1.1 Markmið og tildrög aðalskipulagsbreytingar

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er þrjúþætt.

- ✓ Að stækka iðnaðarsvæði innan við Langeyri og skapa þannig rými fyrir hráefnisþræver vegna vinnslu kalkþörungasetts. Hráefnisþróunum er ætlað að hindra að set berist til sjávar. Jafnframt er mörkum iðnaðar- og athafnasvæðis breytt lítillega þannig að skipulagið endurspegli betur núverandi og fyrirhugaða nýtingu.
- ✓ Að breyta svæði fyrir þjónustustofnanir neðan Aðalgötu, við Ákabúð, í íbúðarbyggð.
- ✓ Að breyta mörkum verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í Eyrardal og skapa þar með svigrúm fyrir smáhýsi ofan byggðar.



Mynd 1. Aðalskipulagsbreytingin nær til þriggja svæða (merkt með rauðu).



## 1.2 Málsmeðferð og kynning

Aðalskipulagsbreytingin er unnin samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsgerðin er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrslan er fléttuð inn í þessa greinargerð og kynningar- og umsagnarferli umhverfismatsins er samtvinnuð aðalskipulagsbreytingunni.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti þann 29. október 2021 að auglýsa skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulagslýsing var kynnt frá 23. nóvember til 22. desember 2021. Á kynningartímanum var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Lýsingin var send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- ◆ Umhverfisstofnun
- ◆ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ◆ Minjastofnun
- ◆ Orkubú Vestfjarða
- ◆ Vegagerðin
- ◆ Veðurstofa Íslands
- ◆ Orkustofnun
- ◆ Náttúrufræðistofnun
- ◆ Samgöngustofa
- ◆ Fiskistofa
- ◆ Aðliggjandi sveitarfélög

Efnislegar athugasemdir og ábendingar bárust frá Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun, auk Skipulagsstofnunar. Afstaða var tekin til allra athugasemda og ábendinga við skipulagsgerðina.

Skipulagstillagan var kynnt á vinnslustigi frá 18. febrúar til 4. mars 2022. Þann 23. febrúar var opið hús þar sem hægt var að fá nánari upplýsingar um skipulagsbreytinguna. Umsagnir á vinnslustigi bárust frá Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Fiskistofu auk Skipulagsstofnunar.

Á kynningartímanum barst Súðavíkurhreppi ósk um breytingu á aðalskipulagi til að koma mætti fyrir smáhýsum til útleigu ofan núverandi byggðar í Eyrardal. Sveitarstjórn ákvað að kynna þessa breytingu og var íbúum í Súðavík í kjölfarið sent bréf þar sem áformunum var lýst. Íbúar í Eyrardal 5 sendu hreppnum tölvupóst þar sem fyrirhuguðum smáhýsum var mótmælt. Sjónarmið íbúanna voru rædd þegar sveitarstjórn tók ákvörðun um málið. Þann 13. apríl 2022 samþykkti sveitarstjórn að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar

### 2.1 Skipulagssvæðið og fyrirhugaðar breytingar

Aðalskipulagsbreytingin tekur til þriggja svæða.

#### STÆKKUN IÐNAÐARSVÆÐIS INNAN LANGEYRAR

Skipulagsbreytingin tekur til svæðis innan Langeyrar (mynd 1). Þar er í gildandi aðal- og deiliskipulagi gert ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju og nýjum hafnarkanti fyrir iðnaðar-starfsemi. Breyttar hönnunarforsendur verksmiðjunnar kalla á stærra hráefnissvæði en áður var ráðgert. Áætlað er að koma fyrir svokölluðum hráefnisþróum ásamt setþró (setlóni) á iðnaðarsvæðinu. Jafnframt verður svigrúm fyrir hráefnislón líkt og í gildandi aðalskipulagi. Með stækkun lands er mögulegt að ná fullkomnari síun við móttöku hráefnis og að lækka efnishauga. Setinu verður dælt á land og affallsvatnið sigtað með sérstakri rennu meðfram þrónum. Dæluskip verður tengt við rörabúnað og þannig er hægt að dæla setinu dælt beint í þrænar í stað þess að sprauta því. Vatnið fer í hringrás aftur út í dæluskip og þá verður ekki þörf á eins mikilli notkun af sjó.

Að sunnanverðu færast iðnaðarsvæði (I9) innar, í átt að landi Hlíðar, miðað við núgildandi aðalskipulagsuppdrátt. Á norðanverðu iðnaðarsvæðinu færast mörk þess og athafnasvæðis (AT1) til suðurs. Við færsluna stækkar





athafnasvæðið um 0,4 ha og iðnaðarsvæðið minnkar sem því nemur. Iðnaðarsvæðið stækkar um 0,9 ha til suðurs. Í heild stækkar því iðnaðarsvæðið um 0,5 ha og verður 4 ha.

Í gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir allt að 3,8 ha fyllingu (hluti af svæði I9 og H4). Eftir breytingu verður landfyllingin, utan strandlínu, 2,3 ha á uppdrætti og því innan stærðarmarka skipulagsins.

Sunnan við fyrirhugaðan hafnarkant verða reknir niður staurar á viðlegustað dæluskips.

Á Langeyri er í dag fyrst og fremst athafnastarfsemi. Innan við fyrirhugaða landfyllingu og iðnaðarsvæði er, skv. aðalskipulagi, óbyggt svæði og jörðin Hlíð. Ofan iðnaðarsvæðisins er opið svæði. Stækkun landfyllingarinnar skerðir óbyggða svæðið en opna svæðið meðfram veginum stækkar um 0,2 ha ofan og neðan vegar (fylgir iðnaðarsvæðinu).

Breytingin á mörkum iðnaðar- og athafnasvæðis á Langeyri er gerð til að skipulagið endurspegli betur núverandi og fyrirhugaða nýtingu. Eftir breytingu mun öll lóð Langeyrar 2 tilheyra athafnasvæði Langeyrar (AT1) en fyrir breytingu var hluti hennar á iðnaðarsvæði (I9). Ákvæði athafnasvæðisins breytast ekki.

Í umhverfismati fyrir gildandi aðalskipulag og deiliskipulag er fjallað áhrif landfyllingar og kalkþörungaverksmiðju. Íslenska kalkþörungafélagið hefur látið vinna fornleifarannsókn á svæðinu<sup>1</sup> en auk þess hefur Náttúrustofa Vestfjarða unnið að umhverfisrannsóknnum vegna fyrirhugaðra framkvæmda fyrir Súðavíkurrepp.<sup>2</sup> Nánar er fjallað um þessar rannsóknir í umhverfismati aðalskipulagsins (kafli 4).

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að efni í landfyllingu innan Langeyrar verði fengið í Súðavíkurhlíð í tengslum við vegaframkvæmdir þar (landnotkunarreitir E12). Efni í stækkun landfyllingarinnar mun koma úr sama efnistökusvæði. Einnig er gert ráð fyrir þeim möguleika að nýta efni

vegna dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði í landfyllinguna. Gert hefur verið mat á umhverfisáhrifum vegna þeirrar framkvæmdar.<sup>3</sup>

#### SVÆÐI NEÐAN AÐALGÖTU BREYTT ÚR ÞJÓNUSTUSVÆÐI Í ÍBÚÐARBYGGÐ

Breytingin tekur til Ákabúðar, húss björgunarsveitarinnar Kofra, sem stendur neðan Aðalgötu. Ekki eru önnur mannvirki á þessum reit, sem skilgreindur er sem svæði fyrir þjónustustofnanir í gildandi aðalskipulagi (svæði S3). Fyrirhugað er að heimila að húsið verði nýtt sem íbúðarhús. Skábraut liggur frá húsinu og út í sjó. Bílastæði er ofan við húsið og þaðan liggur malarstígur í átt að kirkjunni. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir göngustíg þar. Lítil sjóvarnargarður var gerður á milli Suðurkants og Ákabúðar árið 2004.

Gott útsýni er frá Ákabúð og nánasta umhverfi yfir Álftafjörð. Nú þegar björgunarsveitin Kofri flytur í nýtt húsnæði opnast tækifæri til að breyta húsinu í íbúðarhús og koma því í fasta notkun. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á reitnum. Taka þarf tillit til veghelgunarsvæðis og nálægðar við sjó. Aðalgata er hluti af Djúpvegi sem er stofnvegur. Vegagerðin er veghaldari og því þarf leyfi hennar til framkvæmda innan 30 m veghelgunarsvæðis frá miðlínu vegarins. Í gildandi aðalskipulagi þverar gönguleið Aðalgötu innan við Ákabúð til að tengja saman byggð ofan götunnar og svæðið neðan hennar, þ.e. útivistarsvæði, atvinnusvæði, fyrirhugaða frístundabyggð og ferðaþjónustusvæði. Búast má við minni umferð um Aðalgötu með tilkomu nýs þjóðvegur nr. 60 yfir Dynjandisheiði og jarðganga á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar.

#### BREYTING Á MÖRKUM ÍBÚÐARBYGGÐAR OG VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐIS Í EYRARDAL

Breytingin tekur til íbúðarbyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis í Eyrardal. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði á lóð Eyrardals 3 sem er óbyggð. Þar er gert ráð fyrir verslun, kaffihúsi og minni háttar framleiðslu því tengdu. Ekki er útlit fyrir að þessi bygging risi

<sup>1</sup> Ragnar Edvardsson, 2021.

<sup>2</sup> Cristian Gallo o.fl., 2021.

<sup>3</sup> Verkís, 2021.



þarna. Hins vegar hefur verið óskað eftir svæði ofan Eyrardals 5 (lóð Eyrardals 7) fyrir smáhýsi til útleigu en í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarbyggð þarna. Svæðið hentar vel fyrir smáhýsi þar sem það er í góðum tengslum við náttúru og tengist verslunar- og þjónustusvæði Melrakkaseturs. Lóðin við Eyrardal 3 verður skilgreind sem íbúðarlóð og myndast þannig samfelld íbúðarsvæði í Eyrardal. Lóðin Eyrardalur 7 verður skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Breytingin hefur ekki mikil áhrif á íbúa í Eyrardal.

## 2.2 Gildandi aðalskipulag og þróun byggðar

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 tók gildi í júní 2020. Ekki hafa verið gerðar breytingar á skipulaginu frá gildistöku þess. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju og nýjum hafnarkanti á landfyllingu innan við Langeyri. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan skapi 30 störf, sjö árum eftir að útflutningur hefst og að auki 12 óbein störf. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir nýju svæði fyrir íbúðarbyggð til að rúma vænta fólksfjölgun samfara nýjum störfum og sókn í atvinnulífi.

Hér er greint frá stefnu gildandi aðalskipulags í þeim landnotkunarflokkum sem tengjast skipulagsbreytingunum.

### IÐNAÐAR- OG ATHAFNASTARFSEMI

Eftirfarandi markmið eru m.a. sett um iðnaðar- og athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi:

- ♦ *Gert er ráð fyrir að kalkþörungaverksmiðja rísi á landfyllingu innan Langeyrar.*
- ♦ *Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á iðnaðar- og athafnasvæðum.*

Eftirfarandi ákvæði gilda um iðnaðarsvæði I9:

*Iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m<sup>3</sup> af kalkþörungaseti á ári. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m<sup>3</sup> og 38.000 m<sup>2</sup> (3,8 ha) landfyllingu sem tengist hafnarsvæði og nýjum viðlegukanti. Aðkoma verður um Langeyri.*

*Á svæðinu verður rými fyrir hráefnislón, setlón og frekari vinnslu efnisins, þ.e.a.s. þurrkun, síun, mólun og sekkjun. Rými er fyrir allt að 9.000 m<sup>2</sup> verksmiðjuhúsi, 1.400 m<sup>2</sup> grófgeymslu og 400 m<sup>2</sup> skrifstofu- og starfsmannahúsi.*

*Starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar skal uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.*

*Leyfilegt magn í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/nm<sup>3</sup>.*

*Vísað er í álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu Íslenska kalkþörungafélagsins frá 20.3. 2020 varðandi skilyrði í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.*

*Huga ber sérstaklega að nálægð svæðisins við íbúðarbyggð og aðkomu í bæinn.*

*Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið.*

*Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.*

Í aðalskipulaginu kemur fram að hreinleiki, kyrrð og nálægð við náttúruna séu m.a. þeir þættir sem gera Súðavík að aðlaðandi búsetukostum og því sé mikilvægt að lágmarka áhrif verksmiðjunnar eins og kostur er.

Í umhverfismati gildandi aðalskipulags voru skoðaðir tveir valkostir um staðsetningu verksmiðjunnar, auk núllkosta. Í aðalskipulaginu eru sett





ákvæði til að draga úr áhrifum verksmiðjunnar, m.a. með tilliti til hávaða, ryks, gruggmyndunar, ásýndar, ljósvistar og fornminja. Í aðalskipulaginu er vísað til nánari ákvæða um þessi atriði í deiliskipulagi og starfsleyfi.

#### HAFNARSVÆÐI

Eftirfarandi markmið eru á meðal þeirra sem sett eru um hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi:

- ◆ Að ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.
- ◆ Gerð verði ný höfn sem m.a. þjóni kalkþörungaverksmiðju á Langeyri.

Gert er ráð fyrir tveimur hafnarsvæðum í Súðavík. Annars vegar hafnarsvæðið í gömlu byggðinni sem mun áfram þjóna sjávarútvegi og ferðapjónustu. Hins vegar fyrirhugað hafnarsvæði á landfyllingu innan Langeyrar sem mun fyrst og fremst þjóna iðnaðarstarfsemi, þar á meðal kalkþörungaverksmiðju, en getur einnig nýst fyrir fiskeldi og annan sjávarútveg. Með þessu móti geta bæði hafnarsvæðin dafnað í góðum tengslum við aðra starfsemi. Í aðalskipulaginu segir:

*Hafnarsvæðið tengist iðnaðarsvæði þar sem fyrirhuguð er kalkþörungaverksmiðja sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m<sup>3</sup> af kalkþörungaseti á ári. Aðkoma að höfninni verður frá Langeyri.*

Einnig kemur fram að efni til landfyllingar í grjótvörn verði sótt í Súðavíkurhlíð (svæði E12).

Eftirfarandi ákvæði gilda um hafnarsvæði H4:

*Hafnarsvæði til að þjónusta kalkþörungaverksmiðju og mögulega aðra hafnsækna starfsemi. Gert er ráð fyrir allt að 80 m löngum bryggjukanti. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m<sup>3</sup> og 38.000 m<sup>2</sup> (3,8 ha) landfyllingu. Gert er ráð fyrir að skip stærri en 1.350 tonn geti lagst að bryggjunni. Aðkoma verður um Langeyri. Svæðið nær að lóðamörkun fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju sem staðsett verður á iðnaðarsvæði. Greið leið skal*

*vera á milli hafnarsvæðisins og iðnaðarsvæðisins þar sem kalkþörungasetið verður unnið.*

*Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið.*

*Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af.*

#### ÍBÚÐARSVÆÐI

Eftirfarandi markmið eru á meðal þeirra sem sett eru um íbúðarsvæði í gildandi aðalskipulagi:

- ◆ Að skipulag þéttbýlisins stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi.
- ◆ Að áhersla verði lögð á að þróa aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi, njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru þegar til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.
- ◆ Að ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis.

Í útfærslu markmiðanna segir m.a.:

*Til þess að nýta sem best þá innviði sem eru til staðar er gert ráð fyrir að þetta byggðina þar sem kostur er og mögulega stækka núverandi hverfi. Til að auka fjölbreytni í lóðarvali er einnig gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum sem eru í góðum tengslum við núverandi byggð og miðsvæði.*



Þrátt fyrir breytingu íbúðarsvæða frá fyrra skipulagi rúma íbúðarsvæðin mun meiri mannfjöldi en aðalskipulagið gerir ráð fyrir, eða um 65 íbúðir. Þannig verða tiltæk íbúðarsvæði fari svo að fjölgun verði meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu en hér er einnig horft til lengri tíma en 12 ára.

## VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Eftirfarandi markmið eru m.a. sett um verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi:

- ◆ Að stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi sem hæfir stærð hreppsins og eykur lífsgæði fólks.
- ◆ Að efla miðsvæði Súðavíkur í nýju byggðinni.
- ◆ Að efla gömlu byggðina í Súðavík sem ferðaþjónustusvæði

Svæði VP1 tekur til Eyrardalsbæjarins og nærliggjandi svæðis. Þar er gert ráð fyrir starfsemi sem tengist ferðaþjónustu. Á lóð Eyrardals 3 er gert ráð fyrir lítilli verslun, kaffihúsi og minni háttar framleiðslu þvi tengdu.

## SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Á svæði S3 neðan Aðalgötu stendur Ákabúð, hús björgunarsveitarinnar Kofra. Í skipulagsákvæðum segir að svigrúm sé fyrir til uppbyggingar fyrir líkamsræktaraðstöðu. Jafnframt segir að huga skuli sérstaklega að aðlögun manvirkja að landslagi og strandlengju.

## MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Eftirfarandi markmið eru sett um menningar- og búsetuminjar í gildandi aðalskipulagi:

- ◆ Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar.

- ◆ Hverfisverndarsvæðið á Langeyri nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar finnist frá sögu útgerðar, hvalveiða og síldarvinnslu.
- ◆ Varðveita skal gömul hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi.
- ◆ Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjarnar geyma.

Í útfærslu markmiðanna segir m.a.:

Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja frá minjastöðum eins og kostur er. Leita skal umsagnar Minjastofnunar vegna allra framkvæmda sem kunna að hafa áhrif á minjar.

Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merkjum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum en einnig mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni.

Minjar um byggð og atvinnusögu, svo sem nýtingu sjávarauðlinda og búskaparhætti skal varðveita. Dæmi um þetta eru verstöðvar, varir, fiskhjallar og naust sem setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess.

Í umhverfismati og stefnu aðalskipulagsins er fjallað nánar um áhrif landfyllingar á menningarminjar.

## NÁTTÚRUVÁ

Eftirfarandi markmið eru sett í gildandi aðalskipulaginu um náttúruvá:

- ◆ Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- ◆ Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár
- ◆ Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá

Mörkuð er nánari stefna um loftslagsbreytingar, sjávarrof og ofanflóð. Í umhverfismati og stefnu aðalskipulagsins er fjallað nánar um kalkþörungaverksmiðju og þróun byggðar m.t.t. náttúruvár.

Stækkun iðnaðarsvæðis I9 er óveruleg og mun ekki ná inn á ofanflóðahættusvæði miðað við þau gögn sem liggja fyrir.



## HVERFISVERND

Hverfisverndarákvæði fyrir svæði H3 ná til Langeyrar og nánasta umhverfis hennar, m.a. inn á athafnasvæðið AT1, iðnaðarsvæði I9 og hafnarsvæði H4. Innan hverfisverndarsvæðisins eru líkur á að minjar finnist um sögu útgerðar, hvalveiða og síldarvinnslu. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja að hugsanlegar fornminjar spillist ekki við framkvæmdir og að uppbygging á svæðinu spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega.

Breytingar á afmörkun athafnasvæðis og iðnaðarsvæði á Langeyrinni fela ekki í sér stefnubreytingu og samræmast því markmiðum hverfisverndar.

## 2.3 Deiliskipulag

Deiliskipulagið *hafnar- og iðnaðarsvæði inn af Langeyri* tók gildi í ágúst 2020. Þar er nánari útfærsla á landfyllingu, hafnargerð og iðnaðarsvæði fyrir kalkþörungaverksmiðju. Gera þarf breytingar á deiliskipulaginu vegna fyrrnefndra breytinga á hönnun kalkþörungaverksmiðju. Unnið er að þeim breytingum samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu.

Einnig er í gildi deiliskipulag fyrir *Langeyri* frá árinu 2003. Þar er fyrst og fremst gerð grein fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi á eyrinni. Skipulagsmörkunum var breytt árið 2020 til að samræma það betur við deiliskipulag hafnarsvæðisins innan Langeyrar.

Innan við Langeyri og fyrirhugaða landfyllingu er í gildi deiliskipulag fyrir *Hlíð* frá árinu 2014. Skipulaginu var breytt árið 2016. Í skipulaginu er gert ráð fyrir frístundabyggð.

*Deiliskipulag Súðavíkur* var gert þegar byggðin var flutt á núverandi stað eftir snjóflóðið árið 1995. Skipulagið var samþykkt í júní 1995 og tekur til meginhluta þéttbýlisins eða frá Eyrardalsá og að Langeyri, þ.m.t. til Ákabúðar neðan Aðalgötu og Eyrardals.

## 2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina hefur verið gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda. Einnig var horft til stefnu nágrannasveitarfélaga.

### LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga.<sup>4</sup>

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum þeirri stefnu sem mörkuð er um búsetumynstur og dreifingu byggðar í áætluninni. Þar er lögð áhersla á að þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþætту skipulagi byggðar og samgangna. Eftirfarandi áherslur eru settar fram í áætluninni:

- ◆ *Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.*
- ◆ *Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfeldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.*
- ◆ *Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.*
- ◆ *Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.*

<sup>4</sup> Skipulagsstofnun, 2016.



- ♦ Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.
- ♦ Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.

Umhverfismat þessarar aðalskipulagsbreytingar byggir m.a. á landsskipulagsstefnu, sbr. kafla 4 hér á eftir.

## AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér eru nefndar þær áætlanir og stefnuskjöl sem varða sérstaklega aðalskipulagsbreytinguna og horft var til við skipulagsgerðina.

*Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.*<sup>5</sup> Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Tiltekin heimsmarkmið eru notuð sem viðmið við mat á áhrifum skipulagsbreytingarinnar (kafla 4.3).

*Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030.*<sup>6</sup> Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040.

Landnotkun, þróun byggðar og fyrirkomulag innviða hefur áhrif á loftslag, m.a. losun gróðurhúsalofttegunda. Í umhverfismati áætlunarinnar er m.a. fjallað um loftslag (kafla 4).

*Í ljósi loftslagsvár. Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.*<sup>7</sup> Um er að ræða fyrstu stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn stjórnvalda og

<sup>5</sup> Stjórnarráð Íslands, 2020a.

<sup>6</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018.

skilgreind grunnildi og grunnmarkmið stefnunnar. Einnig eru tilgreind sértækari markmið fyrir ákveðna málaflokka sem og markmið um samhæfingu, vinnulag og eftirfylgni.

*Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.*<sup>8</sup> Gildandi aðalskipulag byggir á og er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í sóknaráætlun Vestfjarða. Áætlunin er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.

## 3 Breyting á aðalskipulagi

### 3.1 Breyting á iðnaðarsvæði I9 og athafnasvæði AT1

#### BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Iðnaðarsvæði I9 stækkar til suðurs. Að norðanverðu færast mörk I9 og AT1 til suðurs og þannig minnkar I9 og AT1 stækkar sem því nemur. Í heild stækkar iðnaðarsvæðið um 0,5 ha og verður 4 ha. AT1 stækkar um 0,4 ha og verður 3,2 ha. Opin svæði (OP1 og OP4) fylgja iðnaðarsvæðinu meðfram Aðalgötu og stækka um 0,2 ha. Óbyggt svæði skerðist um 1,1 ha eða sem samsvarar stækkun iðnaðarsvæðisins að sunnanverðu og stækkun opna svæðisins. Svæði SN-1, sérstök not strandsvæða, minnkar um 0,3 ha.

Í gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir allt að 3,8 ha fyllingu (hluti af svæði I9 og H4). Eftir breytingu verður landfyllingin, utan strandlínu, 2,3 ha á uppdrætti og því innan stærðarmarka skipulagsins.

<sup>7</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021.

<sup>8</sup> Vestfjarðarstofa, 2019.



BREYTING Á GREINARGERÐ

Gildandi skipulag: Tafla 11.18. Iðnaðarsvæði

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<p><b>I9</b> <b>3,5 ha</b> Langeyri Kalkþörungaverksmiðja</p>	<p>Iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m<sup>3</sup> af kalkþörungaseti á ári. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m<sup>3</sup> og 38.000 m<sup>2</sup> (3,8 ha) landfyllingu sem tengist hafnarsvæði og nýjum viðlegukanti. Aðkoma verður um Langeyri.</p> <p>Á svæðinu verður rými fyrir hráefnislón, setlón og frekari vinnslu efnisins, þ.e.a.s. þurrkun, síun, mólun og sekkjun. Rými er fyrir allt að 9.000 m<sup>2</sup> verksmiðjuhúsi, 1.400 m<sup>2</sup> grófgeymslu og 400 m<sup>2</sup> skrifstofu- og starfsmannahúsi.</p> <p>Starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar skal uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.</p> <p>Leyfilegt magn í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/nm<sup>3</sup>.</p> <p>Vísað er í álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu Íslenska kalkþörungafélagsins frá 20.3. 2020 varðandi skilyrði í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.</p> <p>Huga ber sérstaklega að nálægð svæðisins við íbúðarbyggð og aðkomu í bæinn.</p> <p>Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið.</p> <p>Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3. Ljósvisit.</p>

Breytt skipulag: Tafla 11.18. Iðnaðarsvæði.

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<p><b>I9</b> <b>4 ha</b> Langeyri Kalkþörungaverksmiðja Að hluta til landfylling.</p>	<p>Iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m<sup>3</sup> af kalkþörungaseti á ári. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m<sup>3</sup> og 38.000 m<sup>2</sup> (3,8 ha) landfyllingu sem tengist hafnarsvæði og nýjum viðlegukanti. Aðkoma verður um Langeyri.</p> <p>Á svæðinu verður rými fyrir móttöku á uppdældu kalkþörungaseti. Gert er ráð fyrir allt að 10 m háum hráefnisþróum og hráefnislóni auk setþróar (setlóns sem fangar setið). Innan reitsins fer fram frekari vinnsla efnisins, þ.e.a.s. þurrkun, síun, mólun og sekkjun. Utan við iðnaðarsvæði I9 verða reknir niður staurar við legustað dæluskips.</p> <p>Rými er fyrir allt að 9.000 m<sup>2</sup> verksmiðjuhúsi, 1.400 m<sup>2</sup> grófgeymslu og 400 m<sup>2</sup> skrifstofu- og starfsmannahúsi.</p> <p>Starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar skal uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.</p> <p>Leyfilegt magn í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/nm<sup>3</sup>.</p> <p>Vísað er í álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu Íslenska kalkþörungafélagsins frá 20.3. 2020 varðandi skilyrði í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.</p> <p>Huga ber sérstaklega að nálægð svæðisins við íbúðarbyggð og aðkomu í bæinn.</p> <p>Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið.</p> <p>Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3. Ljósvisit.</p>



Gildandi skipulag: Tafla 11.19. Athafnasvæði.

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<b>AT1</b> <b>2,8 ha</b> Athafnasvæði á Langeyri. Slökkviliðið o.fl.	<p>Gert ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast þungaflutninga (t.d. vörugeymslur og matvælaíðnaður) og starfsemi sem þarfnast mikils rýmis, svo sem vinnusvæði utandyra.</p> <p>Huga skal að nálægð við útivistarsvæði á Langeyri, frístundabyggð og íbúðarsvæði.</p> <p>Uppbygging og starfsemin skal taka mið af þeim menningarminjum sem þar er að finna.</p> <p>Á Langeyri gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í töflu 11.19.</p>

Breytt skipulag: Tafla 11.19. Athafnasvæði. Aðeins breyting á stærð reits.

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<b>AT1</b> <b>3,2 ha</b> Athafnasvæði á Langeyri. Slökkviliðið o.fl.	<p>Gert ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast þungaflutninga (t.d. vörugeymslur og matvælaíðnaður) og starfsemi sem þarfnast mikils rýmis, svo sem vinnusvæði utandyra.</p> <p>Huga skal að nálægð við útivistarsvæði á Langeyri, frístundabyggð og íbúðarsvæði.</p> <p>Uppbygging og starfsemin skal taka mið af þeim menningarminjum sem þar er að finna.</p> <p>Á Langeyri gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í töflu 11.19.</p>





### Gildandi skipulag: Tafla 13.1. Opin svæði.

Stærð OP1 var ranglega sögð 7,9 ha í gildandi aðalskipulagi en átti að vera 9,0 ha skv. upprætti.

Stærð OP4 var ranglega sögð 9,2 ha í gildandi aðalskipulagi en átti að vera 38,6 ha skv. upprætti.

Auðkenni	Stærð [ha]	Lýsing/núv. Ástand	Skipulagsákvæði
OP1 Langeyri	9,0	Útivistarsvæði Hverfisvernd	Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæðis í sátt við náttúru og sögu svæðisins. Heimilt er að reisa mannvirki og byggingar allt að 100m <sup>2</sup> , sem tengjast útivist eða þjónustu við frístundalífið. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV3 og gilda því ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2). Huga skal að aðgengi fyrir alla.
OP4	38,6	Útivistarsvæði upp með Eyrardalsá og fyrir ofan byggð. Hluti af stærra svæði. Innan hættumatssvæðis A og B.	Skipulagt útivistarsvæði, svo sem sleðabrekka, æfingabrautir og hreystiaðstaða, í sátt við náttúruna. Nýting í samræmi við hættumat vegna ofanflóða.

### Breytt skipulag: Tafla 13.1. Opin svæði. Aðeins breyting á stærð reita.

Auðkenni	Stærð [ha]	Lýsing/núv. Ástand	Skipulagsákvæði
OP1 Langeyri	9,1	Útivistarsvæði Hverfisvernd	Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæðis í sátt við náttúru og sögu svæðisins. Heimilt er að reisa mannvirki og byggingar allt að 100m <sup>2</sup> , sem tengjast útivist eða þjónustu við frístundalífið. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV3 og gilda því ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2). Huga skal að aðgengi fyrir alla.
OP4	38,7	Útivistarsvæði upp með Eyrardalsá og fyrir ofan byggð. Hluti af stærra svæði. Innan hættumatssvæðis A og B.	Skipulagt útivistarsvæði, svo sem sleðabrekka, æfingabrautir og hreystiaðstaða, í sátt við náttúruna. Nýting í samræmi við hættumat vegna ofanflóða.



### 3.2 Breyting úr svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarbyggð við Ákabúð

#### BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Svæði S3, samfélagsþjónusta, breytist í íbúðarbyggð (ÍB5). Stærð reitsins verður óbreytt.

#### BREYTING Á GREINARGERÐ

Tafla 10.3. Íbúðarbyggð. Eftirfarandi bætist við töfluna.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB5 0,3 ha Ákabúð	Íbúðarhús (Ákabúð)	Íbúðarhús með aðkomu frá Aðalgötu. Huga skal að öryggi við útfærslu á aðkomu. Gönguleið með gangbraut yfir Aðalgötu tengir saman byggð ofan götunnar og svæðið neðan hennar. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúðarhúsa á reitnum. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.

Ákvæði um svæði S3 í töflu 12.1 falla út.

### 3.3 Breyting á mörkum verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í Eyrardal

#### BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Lóðin Eyrardalur 3 breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði (ÍB4). Lóðin Eyrardalur 7 og nærliggjandi svæði ofan byggðar breytist úr íbúðarbyggð í verslunar- og þjónustusvæði (VP1).

#### BREYTING Á GREINARGERÐ

Tafla 10.3. Íbúðarbyggð. Núverandi skipulag.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB4 1,3 ha Eyrardalur	Núverand íbúðarverfi. Á reitnum eru tvö einbýlishús. Hverfið byggðist upp eftir snjóflóðin 1995 og er enn í uppbyggingu.	Heimilt er að stunda minniháttar tómsundabúskap á hverri lóð innan reitsins. Gert er ráð fyrir 2 nýjum íbúðum. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.

Tafla 10.3. Íbúðarbyggð. Breytt skipulag.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB4 0,9 ha Eyrardalur	Núverandi íbúðarverfi. Á reitnum eru tvö einbýlishús. Hverfið byggðist upp eftir snjóflóðin 1995 og er enn í uppbyggingu.	Heimilt er að stunda minniháttar tómsundabúskap á hverri lóð innan reitsins. Gert er ráð fyrir 1 nýrri íbúð. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.



Tafla 11.14. Verslun og þjónusta. Núverandi skipulag.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Vp1 0,9 ha Eyrardalsbærinn og nærliggjandi svæði.	Í gamla Eyrardalsbænum er fræðasetur og safn (Melrakkasetur) sem er fjölsótt af ferðamönnum. Eyrardalur fellur einnig undir húsafríðun Minjastofnunar sökum aldurs. Neðan við Melrakkasetrið er íbúðarhús. Eyrardalur 3 er óbyggð lóð. Stærstur hluti svæðisins er á hættumatssvæði A	Svigrúm fyrir starfsemi sem tengist ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir móttöku ferðamanna og þjónustu í Melrakkasetrinu. Uppbygging skal hæfa starfseminni og umhverfinu. Gæta skal að ásýnd Melrakkasetursins, gamla Eyrardalsbæjarins. Á lóðinni Eyrardalur 3 er gert ráð fyrir allt að 280 m <sup>2</sup> byggingu. Þar verður lítil verslun, kaffihús og minni háttar framleiðsla því tengdu. Næst þjóðveginum er íbúðarhús en neðan þess er gert ráð fyrir allt að þremur smáhýsum til útleigu (allt að 35 fermetrum hvert). Göngustígur verður að húsunum frá bílastæðum við Eyrardalsveginn. Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir. Uppbygging svæðisins alls hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.

Tafla 11.14. Verslun og þjónusta. Breytt skipulag.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Vp1 1,3 ha Eyrardalsbærinn og nærliggjandi svæði.	Í gamla Eyrardalsbænum er fræðasetur og safn (Melrakkasetur) sem er fjölsótt af ferðamönnum. Eyrardalur fellur einnig undir húsafríðun Minjastofnunar sökum aldurs. Melrakkasetrið og Eyrardalur 2 eru á hættumatssvæði A vegna ofanflóða.	Svigrúm fyrir starfsemi sem tengist ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir móttöku ferðamanna og þjónustu í Melrakkasetrinu. Uppbygging skal hæfa starfseminni og umhverfinu. Gæta skal að ásýnd Melrakkasetursins, gamla Eyrardalsbæjarins. Á lóð Eyrardals 7 og í nágrenni hennar er gert ráð fyrir allt að 7 smáhýsum til skammtímaútleigu, hverju að hámarki 25 m <sup>2</sup> . Aðkoma verður um Eyrardal. Næst þjóðveginum er íbúðarhús en neðan þess er gert ráð fyrir allt að þremur smáhýsum til útleigu (allt að 35 fermetrum hvert). Göngustígur verður að húsunum frá bílastæðum við Eyrardalsveginn. Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir. Uppbygging svæðisins alls hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.



## 4 Umhverfismat

### 4.1 Matsskylda áætlunar

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í umhverfismati fyrir gildandi aðalskipulag og deiliskipulag er fjallað um áhrif landfyllingar og kalkpörungaverksmiðju eins og áður kom fram. Hér er fjallað um áhrif fyrirhugaðra breytinga við Langeyri og áhrif breytinga á landnotkun við Ákabúð.

Framkvæmdir tengdar aðalskipulagsbreytingunni eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Fyrirhuguð höfn á landfyllingunni er matskyld framkvæmd samkvæmt fyrirnefndum lögum. Fyrir liggur matskýrsla Íslenska kalkpörungafélagsins um efnisnám kalkpörungasetts úr Ísafjarðardjúpi. Þar er lítillega fjallað um áhrif verksmiðju, eins og greint er frá í aðalskiplagi Súðavíkurhrepps.<sup>9</sup>

### 4.2 Viðmið og vísar

Í umhverfismati áætlana er notast við umhverfisviðmið til að meta umfang og vægi áhrifa sem áætlunin kann að valda. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu 1 á næstu blaðsíðu en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti. Viðmiðin eru byggð á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.<sup>10</sup> Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.<sup>11</sup> Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026<sup>12</sup> og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun.

Í umhverfismatinu er lagt mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji umhverfisviðmiðin eða gangi gegn þeim. Við framkvæmd matsins eru lagðar fram matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna (tafla 2).

<sup>9</sup> Íslenska kalkpörungafélagið, 2019.

<sup>10</sup> Stjórnarráð Íslands, 2020a.

<sup>11</sup> Stjórnarráð Íslands, 2020b.

<sup>12</sup> Skipulagsstofnun, 2016.



**Tafla 1. Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfispættir sem byggt er á í umhverfismati.<sup>13 14</sup>**

Umhverfisviðmið	Umhverfisvísar	Umhverfispættir
<p><i>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum</i></p> <p>Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðaröryggi og almennings samgöngur. Standa vörð um náttúruminjar og menningararfleifð. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.</p> <p>Byggt á Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu</p>	<p>Ferðamátar, umferðarslys, íbúar, íbúðir, verndarsvæði, hljóðstig, loftgæði, ástand lífríkis og vistkerfa</p>	<p>Íbúar, heilbrigði manna, menningarverðmæti, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti</p>
<p><i>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi</i></p> <p>Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjallendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnám og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni</p> <p>Byggt á Heimsmarkmiðum SP og lögum um náttúruvernd</p>	<p>Líffræðileg fjölbreytni, gróðurfar, fuglalíf, verndarsvæði</p>	<p>Íbúar, heilbrigði manna, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, jarðvegur, vatn, loftslag, náttúruhamfarir</p>
<p><i>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</i></p> <p>Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.</p> <p>Byggt á Heimsmarkmiðum SP, Landsskipulagsstefnu og Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum</p>	<p>Binding kolefnis, losun kolefnis, hækkun sjávarborðs, sjávarflóð</p>	<p>Íbúar, heilbrigði manna, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, vatn, loft, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti</p>
<p><i>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta það á sjálfbæran hátt</i></p> <p>Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi. Vinna gegn súrnun sjávar.</p> <p>Byggt á Heimsmarkmiðum SP og lögum um náttúruvernd</p>	<p>Ástand sjávar, verndarsvæði, mengun</p>	<p>Íbúar, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, vatn, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti</p>

<sup>13</sup> Stuðst var við Lýsingu fyrir Landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag og lýðheilsu (viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015-2026). Sjá Skipulagsstofnun, 2016.

<sup>14</sup> Nánari tilvísanir í Heimsmarkmið, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð er að finna í heimildaskrá í viðauka.



Umhverfisviðmið	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir
<p><i>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi</i></p> <p>Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, víðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum.</p> <p>Byggt á Landsskipulagsstefnu, lögum um náttúruvernd, lögum um menningarminjar, Velferð til framtíðar og Menningarstefnu í mannvirkjagerð: Stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist</p>	<p>Fágæti landslags, ásýnd lands, menningarminjar, fornleifaskráning, náttúruminjar, röskun minja og verðmæta</p>	<p>Íbúar, menningarverðmæti, lífríki, líffræðileg fjölbreytni, landslag, jarðmyndanir, loftslag, náttúruhamfarir, efnisleg verðmæti</p>
<p><i>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</i></p> <p>Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur</p> <p>Byggt á Heimsmarkmiðum SP og Landsskipulagsstefnu</p>	<p>Hagvöxtur, íbúafjöldi, staða og fjölbreytni atvinnulífs</p>	<p>Íbúar, heilbrigði manna, efnisleg verðmæti</p>





**Tafla 2. Viðmið og matsspurningar til að greina hvort aðalskipulagsbreytingin styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.**

Viðmið	Matsspurningar
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum	Hefur stefnan áhrif á umhverfi þéttbýlisins og gæði byggðarinnar, svo sem heilbrigði manna? Hvaða áhrif hefur stefnan m.t.t. náttúruvár og mengunar?
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta það á sjálfbæran hátt	Hvaða áhrif hefur stefnan á umhverfi hafsins og auðlindir þess?
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum? Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi	Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar. T.d. minjar á náttúruminjaskrá og minjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegum samningum?
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?



### 4.3 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Í umhverfismatinu er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfisins og líkleg umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar metin.

Í umhverfismati fyrir gildandi aðalskipulag og deiliskipulag er fjallað nánar um áhrif landfyllingar og kalkþörungaverksmiðju. Íslenska kalkþörungafélagið hefur látið vinna fornleifarannsókn á svæðinu<sup>15</sup> og auk þess hefur Náttúrustofa Vestfjarða unnið að frekari umhverfisránnóknum í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir.<sup>16</sup> Markmið rannsóknanna var að kanna hvaða fuglar, gróður, þörungar og smádyr í fjöru og í hafsbotni finnast á svæðinu, hver þéttleiki þeirra er og hvort þar sé að finna sjaldgæfar tegundir. Styrkur steinefna, snefilefna og þungmálma var mældur í jarðvegi, gróðri, í sjó og á hafsbotni. Auk þess var selta, hitastig, dýpi, súrefni, blaðgrænu og grugg mælt í sjó. Niðurstöður rannsóknarinnar verða nýttar sem bakgrunnsgögn. Fjallað er um þessar rannsóknir í töflu 4 en þær munu einnig nýtast við breytingu á deiliskipulagi og leyfisveitingar.

Áhrif breyttrar landnotkunar við Ákabúð og í Eyrardal eru metin með tillit til viðmiða, vísa og matsspurninga.

Stuðst er við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar eins og sjá má í töflu 3.<sup>17</sup>

Tafla 3. Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	<b>Veruleg jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	<b>Jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	<b>Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	<b>Neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	<b>Veruleg neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	<b>Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.</b> Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

<sup>15</sup> Ragnar Edvardsson, 2021.

<sup>16</sup> Cristian Gallo o.fl., 2021.

<sup>17</sup> Skipulagsstofnun, 2007.



#### 4.4 Stefnukostir

Eftirfarandi valkostir eru metnir í umhverfismatinu.

##### LANGEYRI

- ◆ **Núll-kostur**

Ekki verður af stækkun iðnaðarsvæðis innan Langeyrar. Aðalskipulag breytist ekki.

- ◆ **Stækkun iðnaðarsvæðis**

Stækkun iðnaðarsvæðis innan Langeyrar, sbr. þá lýsingu sem sett er fram hér.

##### ÁKABÚÐ

- ◆ **Núll-kostur**

Óbreytt landnotkun í samræmi við gildandi aðalskipulag: Svæði S3 við Ákabúð er áfram skilgreint sem samfélagsþjónusta.

- ◆ **Reitur S3 breytist í íbúðarbyggð**

Heimilt verður að breyta Ákabúð í búðarhús. Svæði S3 breytist úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í íbúðarbyggð sbr. þá lýsingu sem sett er fram hér.

##### EYRARDALUR

- ◆ **Núll-kostur**

Óbreytt landnotkun í samræmi við gildandi aðalskipulag: Lóð Eyrardals 3 skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði og Eyrardalur 7 og nærliggjandi svæði skilgreint sem íbúðarbyggð.

- ◆ **Smáhýsi í Eyrardal**

Lóð Eyrardals 3 skilgreind sem íbúðarbyggð og lóð Eyrardals 7 og nærliggjandi svæði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, fyrir smáhýsi.



#### 4.5 Áhrif aðalskipulagsbreytinga

Í töflunni hér að neðan eru umhverfisáhrif valkosta metin m.t.t. umhverfisviðmiða.

**Tafla 4. Mat á umhverfisáhrifum tveggja valkosta vegna stækkunar iðnaðarsvæðis og breytingar við Ákabúð og í Eyrardal.**

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Stækkun iðnaðarsvæðis / svæði S3 breytt í íbúðarbyggð / Smáhýsi við Eyrardal
<p><i>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.</i></p> <p>Hefur stefnan áhrif á umhverfi þéttbýlisins og gæði byggðarinnar, svo sem heilbrigði manna? Hvaða áhrif hefur stefnan m.t.t. náttúruvár og mengunar?</p>	<p>Ryk og hávaðamengun fylgja vinnslu kalkþörungasetts. Í aðal- og deiliskipulagi er gert ráð fyrir grófgeymslu sem ætlað er að fyrirbyggja fok. Þar segir einnig að starfsemin skuli uppfylla ákvæði í reglugerð um hávaða. Ákvæði um útblástur frá þurrkurum eru þau sömu og í sambærilegri verksmiðju á Bíldudal.</p> <p>Sett eru ákvæði um ásýnd svæðisins, m.a. um gróðursetningu trjáa, lýsingu og aðrar mótvægisáðgerðir. Verksmiðjan breytir ásýnd Langeyrar en hún verður þó ekki mjög sýnileg frá þéttbýlinu.</p> <p>Uppbygging á iðnaðarsvæði er utan skilgreindra ofanflóða-hættusvæða.</p> <p>Landfyllingin stendur lágt en aðstæður eru góðar m.t.t. sjávarflóða og ágangs sjávar.</p> <p>Hús björgunarsveitarinnar Kofra er á svæði fyrir þjónustustofnanir. Þar er gert ráð fyrir lítills háttar uppbyggingarmöguleikum.</p> <p>Í Eyrardal er gert ráð fyrir kaffihúsi og tengdri ferðaþjónustu á lóð Eyrardals 3. Ofan Eyrardals 5 er skilgreind íbúðarbyggð. Þétting byggðarinnar hefur áhrif á núverandi byggð.</p>	<p>Ekki verða breytingar á dreifingu ryks og hávaðamengunar vegna verksmiðjunnar. Þó má segja að með stækkun iðnaðarsvæðis aukist sveigjanleikinn almennt til að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar með mótvægisáðgerðum.</p> <p>Stækkun landfyllingar hefur óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins, þar sem sýnileikinn breytist ekki mikið og stækkunin nær til sömu landslagseiningar og í núll-kosti.</p> <p>Huga þarf að öryggi vegfarenda við útfærslu á aðkomunni að Ákabúð. Einungis er gert ráð fyrir þessari einu byggingu á reitnum, þannig að umferð þar verður óveruleg. Breyting Ákabúðar í íbúðarhús hefur óveruleg áhrif á gæði byggðarinnar.</p> <p>Breyting landnotkunar íbúðarbyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis í Eyrardal hefur óverulegar breytingar í för með sér miðað við núgildandi aðalskipulag. Með breytingunni myndast meiri samfella í íbúðarbyggð og verslun- og þjónustu.</p> <p>Fyrirhuguð framkvæmdasvæði, sem hér eru til umræðu, eru utan skilgreindra ofanflóðahættusvæða. Aðstæður m.t.t. sjávarflóða og ágangs sjávar eru góðar.</p> <p>Stefnan hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.</p>



Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Stækkun iðnaðarsvæðis / svæði S3 breytt í íbúðarbyggð / Smáhýsi við Eyrardal
<p>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta það á sjálfbæran hátt.</p> <p>Hefur stefnan áhrif á umhverfi hafsins og auðlindir þess?</p>	<p>Gert er ráð fyrir setþró (setlóni) til að koma í veg fyrir að set berist til sjávar frá hráefnislóni með tilheyrandi gruggmyndun í sjó.</p> <p>Landfyllingin veldur óhjákvæmilega röskun á hafsbotninum og nánasta umhverfi. Á framkvæmdasvæðinu eru fjöruvistgerðir með hátt verndargildi og þar er talsvert fuglalíf og mikilvæg fæðusvæði fugla.</p> <p>Búast má við að áhrif landfyllingarinnar á sjávarbotninn og lífríki sjávar verði tímabundin og að umhverfið nái jafnvægi fljótt eftir framkvæmdirnar.<sup>18</sup></p> <p>Rannsóknir Náttúrustofu Vestfjarða sýna að landfyllingin muni valda óverulegum áhrifum á gróður, fuglalíf, fjörur og grunnsævi. Það er einkum vegna þess að hið raskaða svæði er lítið að umfangi.<sup>19</sup></p> <p>Landnotkun við Ákabúð og í Eyrardal hefur ekki áhrif á hafið eða auðlindir þess.</p> <p>Fjallað er um áhrif efnisnáms kalkþörungasetts í umhverfismati Íslenska Kalkþörungafélagsins frá árinu 2019.<sup>20</sup></p>	<p>Stækkun iðnaðarsvæðisins á Langeyri er einkum gerð til að stækka hráefnissvæðið svo koma megi fyrir hráefnisþróum og hráefnislóni ásamt setþró (setlóni). Hráefnisþrónum er ætlað að hindra enn frekar að set berist til sjávar með tilheyrandi mengun og röskun á lífríki sjávar. Stærri landfylling veldur meiri röskun á sjávarbotni og fjörunni en stækkunin er óveruleg og henni fylgja þau jákvæðu umhverfisáhrif sem lýst er hér að ofan. Nánari upplýsingar má finna í rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða.<sup>21</sup></p> <p>Breyting Ákabúðar í íbúðarhús og breyting á landnotkun í Eyrardal hafa ekki áhrif á umhverfi hafsins eða auðlindir þess.</p>

<sup>18</sup> Verkís, 2021.

<sup>19</sup> Cristian Gallo o.fl., 2021.

<sup>20</sup> Íslenska Kalkþörungafélagið, 2019.

<sup>21</sup> Cristian Gallo o.fl., 2021.



Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Stækkun iðnaðarsvæðis / svæði S3 breytt í íbúðarbyggð / Smáhýsi við Eyrardal
<p><i>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</i></p> <p>Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum? Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?</p>	<p>Við útfærslu kalkþörungaverksmiðju í aðalskipulagi og deiliskipulagi var tekið tillit til náttúru, landslags og staðháttanna. Sett voru ákvæði til að milda áhrif á þessa þætti.</p> <p>Í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi kemur fram að búast megi við að fornminjar í sjó verði fyrir áhrifum með tilkomu landfyllingarinnar. Lagt var til að gerðir yrðu könnunarskurðir í samræmi við umsagnir við aðalskipulagið.</p> <p>Fornleifaskráning vorið 2021 staðfestir að talsverðar minjar er að finna á sjávarbotni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, m.a. hvalbein.<sup>22</sup> Mest áberandi eru minjar eftir veru norskra hvalveiðimanna á seinni hluta 19. aldar. Þær hafa mikið verndargildi og hvalbeinin hafa mikið fræðilegt gildi.</p> <p>Stefnan hefur ekki áhrif á fornminjar á landi.</p> <p>Stefnan hefur áhrif á ásýnd svæðisins en leiðir ekki til röskunar á fágætum landslagsheildum, sbr. fyrirliggjandi umhverfismat aðalskipulagsins.</p> <p>Svæði fyrir þjónustustofnanir (S), sem Ákabúð stendur á, hefur ekki áhrif á þennan þátt. Ekki er sérstaklega fjallað um aðkomu að húsinu m.t.t. öryggis.</p> <p>Í Eyrardal eru ákvæði um að taka skuli mið af sögu þéttbýlis, yfirbragði byggðar og umhverfi við uppbyggingu.</p>	<p>Samkvæmt fornleifaskráningu við Langeyri er ekki vitað um fornminjar á fyrirhuguðu stækkunarsvæði landfyllingarinnar en þó má búast við minjum þar fyrir utan.<sup>23</sup> Flestar minjarnar finnast norðar og nær Langeyri. Stækkun iðnaðarsvæðisins hefur því óveruleg áhrif á fornminjar. Breytingin hefur ekki áhrif á fornminjar á landi við Langeyri.</p> <p>Breytingar á afmörkun athafnasvæðis og iðnaðarsvæðis á Langeyrinni fela ekki í sér stefnubreytingu og samræmast því markmiðum hverfisverndar.</p> <p>Stækkun landfyllingar er óveruleg og hefur lítil áhrif á ásýnd, umfram það sem búast má við í núll-kosti.</p> <p>Breytingar á skipulagi við Ákabúð og Eyrardal hafa ekki bein áhrif á menningarminjar. Í Eyrardal eru ákvæði um að taka skuli mið af sögu þéttbýlis, yfirbragði byggðar og umhverfi við uppbyggingu.</p> <p>Stefnan hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.</p>
<p><i>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla.</i></p> <p>Stuðlar stefnan að atvinnu- uppbyggingu á svæðinu?</p>	<p>Stefnan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf, m.a. fjölgun starfa sem tengjast kalkþörungaverksmiðjunni. Gera verður ráð fyrir lítils háttar neikvæðum áhrifum á ferðaþjónustu vegna ásýndarbreytinga.</p> <p>Svæði fyrir þjónustustofnanir (S), sem Ákabúð stendur á, hefur ekki áhrif á þennan þátt.</p>	<p>Breytingin við Langeyri hefur ekki bein áhrif á fyrirhugaða atvinnuuppbyggingu en veitir þó meira svigrúm til útfærslu á iðnaðarsvæðinu á Langeyri, m.a. til mótvægisáðgerða. Breytingin leiðir því til minni setmengunar í sjó og dregur því úr neikvæðum áhrifum á fiskeldi í Álftafirði.</p> <p>Breytingunni í Eyrardal er ætlað að efla ferðaþjónustu.</p> <p>Stefnan hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.</p>

<sup>22</sup> Ragnar Edvardsson, 2021.

<sup>23</sup> Ragnar Edvardsson, 2021.





Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Stækkun iðnaðarsvæðis / svæði S3 breytt í íbúðarbyggð / Smáhýsi við Eyardal
<i>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi</i> Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar. T.d. minjar á náttúruminjasrá og minjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegum samningum?	Skipulagið hefur ekki áhrif á náttúruminjar á landi sem njóta verndar.	Breytingin hefur ekki áhrif á náttúruminjar á landi sem njóta verndar. Stefnan hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.
<i>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</i> Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?	Gert er ráð fyrir að þurrkun kalkþörungasettsins verði knúin með própangasi þar sem ekki er næg raforka tiltæk í Súðavík. Gasnotkunin mun auka losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifin verða tímabundin eða þar til hægt verður að tryggja nægt framboð af raforku og tengja þurrkara verksmiðjunnar við raforkukerfið. Landnotkun við Ákabúð og í Eyardal hefur ekki áhrif á þennan þátt.	Breytingin hefur ekki önnur áhrif en tilgreind eru í gildandi skipulagi. Áhrifin verða því þau sömu og í núll-kosti. Stefnan hefur óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.

#### 4.6 Niðurstaða

Aðalskipulagsbreytingin mun hafa lítil áhrif á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar í matinu. Áhrif stækkunar landfyllingar og iðnaðarsvæðis (I9) verða óveruleg. Stærri landfylling mun hafa sambærileg áhrif og sú landfylling sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi (núll-kostur í töflu 4). Nýjar rannsóknir á fornleifum og náttúrufari svæðisins, sem ekki lágu fyrir við gerð aðalskipulagsins, leiða til þessarar niðurstöðu. Stækkun iðnaðarsvæðisins hefur jákvæð áhrif að því leyti að aukið svigrúm verður til mótvægisáðgerða, m.a. til að hindra að set berist til sjávar.

Áhrif vegna breytinga á mörkum athafnasvæðis (AT5) og iðnaðarsvæðis (I9) verða einnig óveruleg.

Breyting landnotkunar úr samfélagsþjónustu í íbúðarbyggð við Ákabúð mun hafa óveruleg áhrif. Með breytingunni opnast hins vegar tækifæri til að nýta Ákabúð sem íbúðarhús og koma því þannig í fasta notkun. Tryggja þarf öryggi við aðkomu að húsinu, óháð því hvernig húsið er nýtt.

Breyting verslunar- og þjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í Eyardal er ætlað að hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu. Breytingin hefur óveruleg áhrif á núverandi íbúðarbyggð.



#### 4.7 Eftirfylgni og vöktun

Í gildandi deiliskipulagi eru ákvæði um vöktun og eftirfylgni vegna mögulegra áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda innan Langeyrar. Vakta skal m.a. ryk, hljóðmengun, efnasamsetningu og svifagnir í sjó. Rannsóknir Náttúrustofu Vestfjarða má nýta sem bakgrunnsgögn og auk þess liggur nú fyrir fornleifaskráning. Framkvæmdaleyfi mun taka mið af fyrirliggjandi rannsóknum og verður leitað eftir samvinnu við Minjastofnun við leyfisveitingar. Skipulagsbreytingin kallar ekki á breytingar á áformum um vöktun svæðisins.



## Heimildir

Cristian Gallo, Hulda Birna Albertsdóttir, Sigurlaug Sigurðardóttir og Sigurður Halldór Árnason, 2021. Umhverfisathuganir í Álftafirði. Rannsóknir í tengslum við fyrirhugaða landfyllingu og Kalkpörungaverksmiðju á Langeyri. Unnið fyrir Súðavíkurhrepp. Nóvember, 2021.

Íslenska kalkpörungafélagið, 2019. Efnismán kalkpörungasetts í Ísafjarðardjúpi. Matskýrsla. Sótt 9. Nóvember af <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1515/201606057%20-%20Efnisn%C3%A1m%20kalk%C3%BE%C3%B6rungasetts%20%C3%AD%20%C3%8Dsafjar%C3%B0ardj%C3%BApi.pdf>

Loftmyndir, 2020. Loftmyndir teknar af Lofmyndum ehf.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 4. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Ragnar Edvardsson, 2021. Fornleifarannsóknir vegna tilvonandi framkvæmda við Langeyri í Álftafirði.

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 6. september 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 28. ágúst 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020a. Heimsmarkmiðin. Sótt 25. ágúst 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020b. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 25. ágúst 2021 af

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

Umhverfisráðuneytið, 2010. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 5. september 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021. Í ljósi loftslagsvárs. Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum. September 2021.

Verkís, 2021. Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla. Unnið fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar og Vegagerðina. Mars, 2021.

Vestfjarðarstofa, 2019. Sóknaráætlun Vestfjarða. Sótt 12. september 2021 af [https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastof-\\_soknaraaetlun-2020-2024.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastof-_soknaraaetlun-2020-2024.pdf)